

Svæðisráðsfundur Freyjusvæðis haldinn í Kíwanishúsi Geysisfélaga í Mosfellsbæ 3.maí 2014

Bjarni Vésteinsson svæðisstjóri setti fund kl. 10:00 og bauð fundarmenn og umdæmisritara velkomna til fundar. Alls sátu fund þennan 26 félagar. Las síðan upp alla klúbba í svæðinu og óskaði svara við fjölda félaga frá hverjum klúbbi : Voru fulltrúar frá öllum klúbbum nema Jöklu : Var félögum frá Básu Ísafirði sérlega fagnað fyrir svo langan veg að fara til fundar.

Ritari las tvær síðustu fundargerðir , og voru þær samþykktar án athugasemda.

Umdæmisstjóri gat ekki setið fund þennan en umdæmisritari Hildisif Björgvinsdóttir var fulltrúi Umdæmisins og var því vel fagnað.

Lásu nú upp skýrslur klúbbanna , ýmsist forsetar eða fulltrúar þeirra nema Jökla þar sem enginn fulltrúi frá þeim sat fundinn.

Svæðisstjóri kynnir næstu stjórn Freyjusvæðis ,en hana skipa : Svæðisstjóri Ragnar Eggertsson Elliða ,en ekki ákveðið með meðstjórnendum ,enda ekki farið fram kosning um kjörsvæðisstjóra. Rekur samband og samstarf við klúbba Freyjusvæðis og taldi það með ágætum og hjálmaverkefnið vekji mikla athygli . Kraftur góður ,en aðalvandamál sé aldur félaga og hvað til ráða skal taka til fjölgunar í hreyfingunni.Segir tvo vera í framboði til kjörsvæðisstjóra þá :Ólaf Sigurpór Sveinsson Kötlu og Guðmund Pétursson Esju og verði að kjósa um hvor hlýtur embættið.

Fluttu nú frambjóðendum kynningu sína . Fyrri störf o.sv. frv.

MATARHLÉ :

Fundi framhaldið og var nú kosið um svæðisstjóra Ragnar Eggertsson þó svo að hann hafi áður kosningu hlotið , má segja að hér hafi aðeins verið staðfesting á kjöri hans : Steig nú Ragnar í ræðustól og lýsti störfum sínum fyrir klubb sinn og hreyfinguna var hann síðan einróma kosinn með handauppréttingu og miklu lófaklappi.

Var nú hafin kosning þeirra frambjóðenda til kjörsvæðisstjóra Ólafs og Guðmundar :

Fór kosning svo að Ólafur hlaut 12 athvæði en Guðmundur 10

Steig nú Ólafur í ræðustól þakkaði traustið og sagði að nú væri ráð að fara að huga að stefnunni í svæðinu.

Guðmundur steig einnig í ræðustól og óskaði mótframbjóðanda til

hamingju.

ÖNNUR MÁL:

Óskar Guðjónsson f.v. umdæmisstjóri og nefndarmaður í stífkrapaverkefninu .

Ræðir Óskar um upphaf Freyjusvæðis og hvernig til hafi tekist. Ennfremur stífkrapaverkefnið og hvernig þar hafi til tekist og mun um 80% af því fé sem stefnt var að að safna nú þegar í höfn . Esja sé nr. 2 sem modelklúbbur ,en Eldey var fyrir . Ræðir vítt og breitt um verkefnið og sýnir bækling nokkru stærri en þann sem dreyft hefur verið og er ætlunin að koma til fyrirtækja : Hvetur félagi til athafna í verkefninu og dreyfa bæklingunum:Lauk hann orðum sínum með . Vonandi ljúkum við verkefninu með sóma .

Umdæmisritari Hildisif stígur í ræðustól og flytur kveðju frá Dröfn umdæmisstjóra : Óskar Ólafi til hamingju með

kjörsvæðisstjóraembættið.Ræðir notkun og vonandi aukningu á nýtingu Kiwanishússins að Bildshöfða : Leiga sé 30 þús fyrir kvöldið , en nýting þurfi að aukast svo ekki verði tap á rekstri hússins .Hjálmaverkefnið , og mikilvægi þeirra,: Tilhögun þings ,fræðslu og ýmislegt í starfi umdæmisins . Hvítu bókinu þurfi nú þegar að gera tilbúna ,svo hún verði tilbúin á skikkanlegum tíma . Er ánægð með skýrslur klúbbanna og rafrænar skýrslur og framkvæmd þeirra .Ræðir ýmsan kosnað umdæmisins og telur féhirði mjög aðhaldssaman og allir keppist við að gera sitt besta .Enginn hafi enn boðið sig fram til Kjörumdæmisstjóra árið 2016-2017 .

Fjárhagsáætlun hafi seinkað vegna athugasemda. Ragnar Eggertsson kjörumdæmisstjóri (nýkosinn umdæmisstjóri á fundi þessum)þakkar traustið og ætlar að velja góða menn sér til halds og trausts í stjórn Freyjusvæðis...

Aðalsteinn I Aðalsteinsson ræðir ýms áhugamál um hreifinguna . Katla með sömu stjórn í tvö ár og líkar það vel. Telur hjálmana ekki nógu áberandi , Eimskip í fararbroddi í fréttum ,en Kiwanis í skugganum. Kostnaður við heimsping sé dýrt að senda tvo fulltrúa ,en það sé hefð fyrir því . Kiwanishúsið að Bildshöfða mekka kiwanis á Íslandi ,er ekki nógu vel nýtt kosnaður talsverður og , markaðssetning til nýtingar húsnæðisins feimnismál: Þurfi meiri kynningu og standa undir kosnaði.Svo sótti hugurKiwanis á Aðalstein ,að hann sat í þungum þönkum í stofu sinni löngu eftir að kona hans hafði til sængur gengið :

Fór Aðalsteinn sterkum og fræðandi orðum um hugmyndir sínar : Fjölgun

**félaga og hvað til ráða sé til eflingar starfinu og kynningu á því .
Vitnar í ljóð Jónasar Hallgrímssonar : Ísland farsældar Frón**

**Það er svo bággt að standa í stað ,sem mönnunum munar ,
annað kvort afturábak ,ellegar nokkuð á leið.
Hvað er þá orðið okkar starf í sexhundruð sumur ?
höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg ?**

**Finnst aldrei of seint að taka til hendi og gera ýmislegt markvisst: Ýmsar
hugmyndir um framtíð og störf Kiwanishreifingarinnar . Var ekki annað
að sjá og heyra en erindi Aðalsteins hafi hrifið athygli fundarmanna .
Bjarni svæðisstjóri ræðir um fundarstaði og eru þeir í samráði við
klúbbana .**

**Jóhannes fors. Kötlu veltir fyrir sér með meira samneyti við félaga í
Ægissvæðinu ,ennfremur húsnæðismál Eldeyjar og Kiwanishúsnæðisins að
Bíldshöfða og samvinnu þar um með nýtingu .**

**Bjarni Vésteinsson svæðisstjóri ,þakkar Geysisfélögum móttökur ,
veitingar og frábæra þjónustu svo og Básafélögum um svo langan veg að
fara til fundar frá Ísafirði .**

**þakkar fundarmönnum góða fundarsetu og heimferðar.
og lauk fundi kl: 13:00**

Ritari : Bjarnar Kristjánsson

Svæðisstjóri : Ragnar Eggertsson